

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/146 frá 3. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 333/2010, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðurukefni ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010) og lið 2v (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011):

„– **32020 R 0146**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/146 frá 3. febrúar 2020 (Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2020, bls. 3).“

2. Eftirfarandi er bætt við 165. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/897), 237. lið

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2020, bls. 3.

(framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2312), 266. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1081) og 290. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/893):

„breytt með:

- **32020 R 0146:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/146 frá 3. febrúar 2020 (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2020, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/146, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.